

REGLUR

um hlutverk ávana- og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík, verkaskiptingu milli hennar og annarra lögregluþyrvalda svo og samstarf við aðrar stofnanir.

1. gr.

Ávana- og fíkniefnadeild lögreglustjórans í Reykjavík (hér eftir nefnd ÁFD) hefur með höndum lögreglurannsókn ávana- og fíkniefnabrota á Stór-Reykjavíkursvæðinu, þ.e. Reykjavík, Kópavogi, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Mosfellsbæ, Kjósarhreppi og Kjalarneshreppi, að því leyti sem þær eru ekki í höndum lögreglustjóra þar eða rannsóknarlögreglu ríkisins samkvæmt ákvæðum reglna þessarra eða annarra réttarreglna.

2. gr.

Lögreglustjórar bera ábyrgð á því, hver í sínu umdæmi, að stemmt sé stigu við ávana- og fíkniefnabrotum og að brot sem uppvís verða, sæti rannsókn. Þá skal ÁFD veita lögreglustjórum og dómurum, hvar sem er á landinu, aðstoð við rannsókn ávana- og fíkniefnabrotamála, þegar þeir óska, og lögreglustjórinn í Reykjavík og/eða ríkissaksóknari telja það nauðsynlegt. Ríkissaksóknari getur og falið ÁFD rannsókn einstakra mála hvar sem er á landinu, þegar hann telur þess þörf.

3. gr.

Nú vinnur ÁFD að rannsókn ávana- og fíkniefnamáls, sem teygir anga sína í önnur lögregluumdæmi, og geta þá starfsmenn hennar farið inn í þau, jafnvel fyrirvaralaust gerist þess mjög skjót þörf, en tilkynna skal hún viðkomandi lögreglustjóra um málið svo fljótt sem verða má, enda skal lögreglustjóri veita ÁFD alla nauðsynlega aðstoð. Ríkissaksóknari sker úr ágreiningi, sem rísa kann milli ÁFD og viðkomandi lögreglustjóra í sambandi við lögreglurannsókn.

4. gr.

ÁFD er öðrum lögregluumdæmum til ráðuneytis um fíkniefnamál og rannsókn þeirra. Veitir hún lögregluumdæmum jafnt verklega sem tæknilega aðstoð, þegar eftir er leitað, hvort heldur almennt eða vegna máls, sem er til rannsóknar, enda sé mál það umfangsmikið eða flókið að slíkrar aðstoðar sé þörf.

5. gr.

ÁFD heldur landsspjaldskrá og tölvufærðar upplýsingar um fíkniefnamál fyrir allt landið. Annast hún enn fremur söfnun upplýsinga innanlands og erlendis frá, og annast um að miðla þeim upplýsingum til annarra sem hlut eiga að máli, samkvæmt nánari reglum sem dómsmálaráðuneytið setur að fengnu samþykki tölvunefndar.

6. gr.

ÁFD skal vera í tengslum við erlenda og innlenda löggæsluaðila og aðra aðila, sem vinna gegn útbreiðslu fíkniefna, þ.m.t. erlenda löggæsluaðila.

7. gr.

Um hlutverk, starfssvið og verkefni ÁFD að öðru leyti fer samkvæmt starfslýsingu deildarinnar og erindisbréfi yfirmanns hennar í stjórnunarfyrimælum, RD-2.0189/3 og R-5.0588/1, útgefnum af lögreglustjóranum í Reykjavík.

Reglur þessar eru settar með stöð í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50, 1972 um lögreglumenn og öðlast gildi 1. maí 1990.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. apríl 1990.

Óli Þ. Guðbjartsson.

Hjalti Zóphóniásson.

REGLUR

um Verðbréfaþing Íslands.

I. KAFLI

Stofnun og hlutverk.

1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita því og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu.

2. gr.

Hlutverk þingsins er m.a. eftirfarandi:

- a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskiptakerfi meðal þátttakenda (hér eftir nefndir þingaðilar);
- b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila;
- c) að meta skráningarhæfi verðbréfa;
- d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
- e) að sjá um, í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans, að nauðsynlegt eftirlit sé til staðar með framkvæmd á reglum þingsins, þeim reglum sem stjórnin setur og ákvörðunum sem hún tekur eftir því sem við getur átt.

II. KAFLI

Stjórn og fundir þingaðila.

3. gr.

Stjórn þingsins skipa fimm menn. Seðlabankinn skal tilnefna formann og að auki einn mann, sem valinn skal úr atvinnulífinu vegna sérþekkingar á viðskiptamálum, að fenginni tillögu viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans. Þrjú stjórnarmenn skulu kosnir af öðrum þingaðilum til eins árs í senn sbr. 5. gr. Jafnmargir varamenn skulu valdir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.